



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 24. júní 2013

### Athugun á tjónsuppgjöri hjá Vátryggingafélagi Íslands hf.

Samkvæmt 4. mgr. 65. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi ber Fjármálaeftirlitinu að fylgjast með tjónsuppgjöri vátryggingafélaga. Hluti af tjónsuppgjöri vátryggingafélaga er að upplýsa tjónþola um sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Í framangreindu felst að sé um fleiri en einn bótabátt að ræða þá ber að tilgreina hvern þátt sérstaklega og á hvaða viðmiðum hann byggir. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um vátryggingarsamninga er óheimilt að víkja frá ákvæðum I. hluta laganna með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi. Með því að vera upplýstur um hvaða viðmið eru lögð til grundvallar bótauppgjöri getur tjónþoli metið hagsmuni sína og hvort tilefni sé til að vefengja gefnar forsendur eða viðmið.

Í kjölfar ábendingar sem Fjármálaeftirlitinu barst tók eftirlitið til skoðunar tiltekið mál er laut að tjónsuppgjöri vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS). Laut athugunin að svokölluðum samkomulagsbótum en í slíkum tilvikum er vikið frá kröfum skv. 1. mgr. 47. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga um að tjónþoli skuli sanna umfang tjónsins og honum boðnar bætur án þess að slík sönnun fari fram.

Í framangreindu felst hagræði bæði fyrir félagið og tjónþola. Hjá tjónþola felst hagræðið í því að þurfa ekki að sýna fram á umfang tjónsins nema hann telji að það sé umfram boðnar bætur. Vinnuhagræði félagsins felst í að unnt er að leysa úr slíkum málum án þess að fara yfir gögn frá tjónþola.

Af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum var ráðið að VÍS hafi að eigin frumkvæði og í hagræðingarskyni vikið frá kröfu 1. mgr. 47. gr., sbr. 1. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga. Er félaginu það heimilt sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna svo framarlega sem það leiðir ekki til lakari stöðu tjónþola. Gerði Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við framangreint enda vikið frá framangreindum ákvæðum tjónþola til hagsbóta.

Óskaði Fjármálaeftirlitið upplýsinga um þau viðmið sem félagið lagði til grundvallar samkomulagsbótum í málinu. Í svari VÍS kom m.a. fram að þau viðmið sem félagið byggir á séu trúnaðarmál viðskiptalegs eðlis. Í ljósi þessa og samkeppnishagsmuna félagsins væri ekki hægt að upplýsa tjónþola um hver viðmiðin eru.

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. leggur sjálfstæðar skyldur á vátryggingafélag og verður ekki frá því vikið þó svo að viðkomandi félag slaki á öðrum kröfum sínum, m.a. um sönnun á umfangi tjóns, ef það leiðir til lakari stöðu tjónþola. Með því að fá ekki sundurliðun á því hvernig bætur eru ákveðnar getur tjónþoli ekki metið hvort þau viðmið eða forsendur sem lagðar eru til grundvallar bótatilboði séu réttmætar. Leiðir slíkt almennt til lakari stöðu tjónþola.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Krafa 2. mgr. 9. gr. laga um váttryggingarsamninga felur í sér að váttryggingafélagi er skylt að veita sundurliðaðar upplýsingar um hvernig bætur eru ákveðnar. Eru samkomulagsbætur þar ekki undanskildar. Váttryggingafélag stundar atvinnustarfsemi á grundvelli opinbers starfsleyfis sbr. lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Samkvæmt 1. gr. laganna ber að reka váttryggingafélög á heilbrigðan og eðlilegan hátt. Ákveði váttryggingafélag að hagræða með framangreindum hætti í rekstri sínum verður að gera þá kröfu að hagræðingin sé gerð á grundvelli hlutlægra sjónarmiða og viðmiða. Sé það ekki gert verður að telja að skort geti á að rekstur félags að þessu leyti sé nægilega traustur sbr. lokamálslið 1. mgr. 6. gr. nefndra laga. Skortur á skýrum viðmiðum getur jafnframt leitt til þess að bótaákvæðanir verða handahófskenndar og misræmis gæti í framkvæmd.

Er því nauðsynlegt að þau viðmið sem búa að baki samkomulagsbótum séu hlutlæg og byggja á málefnalegum sjónarmiðum og unnt sé að upplýsa tjónþola um hver þau eru.

Fjármálaeftirlitið taldi að VÍS hefði brotið gegn upplýsingaskyldu 2. mgr. 9. gr. laga um váttryggingarsamninga. Með vísan til 1. mgr. 8 og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi var þess krafist að VÍS færi yfir viðmið sín vegna samkomulagsbóta með hliðsjón af framanrituðu og hafi framvegis þau sjónarmið sem nefnd eru að ofan til hliðsjónar við tjónsuppgjör.

Í kjölfar athugunar Fjármálaeftirlitsins tók VÍS tjónsuppgjör sitt til endurskoðunar hvað framanritað varðar og hefur þegar orðið við ábendingum eftirlitsins um úrbætur.

Gagnsæistilkynning þessi er birt á grundvelli 9. gr. a. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.